

1868.
16. septbr.

og að því geti varla hjá því farið, að menn deyi úr hungri í sjávarsveitunum, ef að ekki fiskast að vetri. Með því að hinum bágu afleiðingum af þessum skorti að yðar álit, herra amtmaður, ekki verður afstýrt nema fyrir aðstoð hins opinbera, hafið þér beiðzt leyfis hjá stjórnarráðinu til þess að mega, þegar í ítrustu nauðir rekur, fá að láni í kaптúnunum í Snæfellsnessýslu að minnsta kosti 100 tonn af kornmat með þeim kostum, að borgunin fyrir þær verði greidd úr opinberum sjóði sem lán handa bágstöddustu sveitunum.

Það nauðsyn virðist til reka samkvæmt skýrslu yðar, herra amtmaður, að sveitum þessum verði veitt aðstoð sú, sem beið er um, ef að á þarf að halda, þá ræðst dómsmálastjórnin, í von um samþykki ríkisþingsins, í að veita yður til umráða allt að 1500 rd. úr jarðabókarsjóðnum, til þess að þér megið verja þeim samkvæmt tillögum yðar í lán til kornkaupa handa þeim sveitum í vesturumdæminu, þar sem það virðist vera óumflýjanlega nauðsynlegt; skulu sveitir þær, sem fá lán, borga 4 af 100 í leigur af því á ári og vera búnar að borga það aptur innan 31. marzmán. 1874. Landfógetanum á Íslandi hefir verið skrifað í dag um að borga yður fé þetta úr jarðabókarsjóðnum, þegar þér krefist þess.

19. oktbr.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavík til vegagjörðar.

Í bréfi dagsettu 31. júlímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt jákvæði til, að handa bæjarsjóð Reykjavíkur verði teknir 800 rd. að láni til þess að ljúka við aðalveginn, er liggur upp úr bænum; skuli borgaðir 4 af 100 í vexti af láni þessu, og innstæðan borguð aptur á 4 árum, 1870—73, fjórði partur á ári.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að stjórnarráðið samþykkist aðgjörðir yðar í þessu efni. 1868.
16. oktbr.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Íslandi, um að húss- og bústjórnarfélagið verði ekki undanþegið að gjalda burðareyri með póstum. 20. oktbr.

Í bréfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér fyrst um sinn hafið undanþegið húss- og bústjórnarfélag suðuramtsins frá að gjalda burðareyri undir bréf þau, er það sendir með sunnanlandspóstinum út um amtið, og eins undir bréf þau, sem félaginn berast frá fulltrúum þess eða öðrum.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið sér sér ekki fært að veita samþykki sitt til þessarar ráðstöfunar, bæði sökum þess, að hún er ekki samkvæm ákvörðunum í konungsbréfi 8. júlímán. 1779, og líka vegna þess, að hún kynni marga dilka eptir sér að draga.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bann gegn því, að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum. 21. oktbr.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafði leitað samþykkis stiptamtsins til þess, að hann 23. septembermán. f. á. hafði látið út ganga lögreglu-auglýsingu, er lagði bann fyrir að hafa net til þess að veiða í lunda, hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess í bréfi dagsettu 31. júlímán. þ. á., að þar yður yrði að virðast vafasamt, hvort að þessi ráðstöfun er þess eðlis, að hún verði gjörð með lögreglu-auglýsingu, hafið þér álitnið yður skylt að veita ekki samþykki yðar til hennar, en aptur